

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Olíudreifing, Krossanesi Krossanesi



<b>Dags eftirlits</b>	26.4.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing, Krossanesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Einar Halldórsson
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðjón Jóhannsson	<b>Staðsetning</b>	540523,65 578809,711

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar voru gerðar.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið, skoðaðar voru skráningar og skiladagar skv. því.

Rekstrarhandbók var skoðuð og eftirlitsaðili yfirfór mánaðarblöð í kjölfar eftirlits. Rekstrarhandbókin er vel skipulögð og skráningum sinnt á reglubundinn hátt.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila og engin óhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Alls eru tíu geymar eru í notkun á stöðinni, af þeim þarf að botnþykktarmæla tvo í ár þ.e. 600.04.00 og 600.09.00. Þrýstiprófa þarf allar lagnir í stöðinni í ár.

Gufuendurnýtingarbúnaður virkar sem skildi og það sem af er ári er meðaltal heildartaps við áfyllingu og losun flutningsgeyma innan marka starfsleyfis sem eru 0,5%. Olíuskilja og sandgildir voru tæmdar og yfirfarðar þann 30. ágúst sl. Olíuskiljur eru mældar að meðaltali einu sinni í mánuði af verktaka og eru þær tæmdar eftir þörfum. Losar hann úrganginn til endurvinnslu Skeljungs.

Úrgangur er flokkaður í stöðinni en plast er ekki flokkað frá almennum úrgangi. Spilliefnakör eru tæmd reglulega af starfsmönnum stöðvarinnar, til Hringrásar. Allri úrgangsolíu er skilað til Skeljungs.

Umhverfismarkmið Olíudreifingar voru skoðuðu og þá sérstaklega skráningar á kolefnisfótspori, rætt var um aðgerðir til kolefnisjöfnunar.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þrær) og áfyllingarplan.

Lóðin er afgirt með mannheldri girðingu og er hlið inn á lóðina læst þegar stöðin er mannlau.

Í eftirliti voru gerð tvo Macherey-Nagel próf fyrir olíu í frárennsli og var ekki hægt að greina olíusmit í þeim prófum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 28.05.2018

*Steinunn Karlsdóttir*  
Steinunn Karlsdóttir